

## **SKIPULAG 1. JANÚAR TIL 31. ÁGÚST**

Íslensk málstöð var ríkisstofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrði undir menntamálaráðherra sem setti forstöðumanni málstöðvar erindisbréf.

Íslensk málstöð tók til starfa 1. janúar 1985 og var sett á fót sameiginlega af Háskóla Íslands og Íslenskri málnefnd.

Íslensk málstöð var skv. 3. grein laga um Íslenska málnefnd nr. 2/1990 skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hafði með höndum.

Auk málnefndarlaganna studdist Íslensk málstöð í starfi sínu við reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar nr. 159/1987, að breyttu breytanda.

Íslensk málstöð var lögð niður 1. september 2006 þegar gildi tóku lög nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem tók frá og með þeim degi við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Lögin voru samþykkt á Alþingi 2. júní:

### **Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

#### 1. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin hefur nán tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greinir í lögum þessum og er hluti af fræðasamfélagi hans.

#### 2. gr.

Ríkisstjórn Íslands er verndari handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Gögn þessi mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og er hún falin Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til varðveislu og umsjónar.

#### 3. gr.

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:

- a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning;
- b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum og verkefnum á sviði tungutækni;
- c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði;
- d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
- e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaeefni og orða- og nafnabækur.

#### 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar.

Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar.

Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar.

Menntamálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og húsþings.

#### 5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn án tilnefningar.

Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fer eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

#### 6. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

Starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands.

#### 7. gr.

Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Forstöðumaður getur að fenginni umsögn húsþings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar.

#### 8. gr.

Við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skal fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Þriggja manna dómnefnd sem forstöðumaður skipar metur hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra. Forstöðumaður skal leita umsagnar húsþings við ráðningu til rannsóknarstarfa.

Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.

Stofnunin setur sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

#### 9. gr.

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

10. gr.

Kostnaður við rekstur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákvæðið er í fjárlögum.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum, fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérunnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaraðstöðu, fyrir veitta sérfræðipjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, lög nr. 2/1990, um Íslenskra málnefnd, og lög nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 3. másl. 1. mgr. og 4. másl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1953 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
2. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 6. tölul. 4. gr. laga nr. 95/1997 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
3. Í stað orðanna „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“ í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 105/2001 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, lögð niður. Þeir skulu þó vera forstöðumanni sem skipaður verður skv. 4. mgr. til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum ráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá og með 1. nóvember 2006 og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara skal hugvísindadeild Háskóla Íslands, í stað húspings, tilnefna einn mann í dómnafnd til að meta hæfi forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna skipunar hans í embætti skv. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal stjórn skv. 4. gr. skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 5. gr. Dómnafnd skv. 5. gr. skal einnig skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns. Gengið skal frá skipun forstöðumanns skv. 5. gr. eigi síðar en 1. september 2006.

Ónýttað fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renna til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Samþykkt á Alþingi 2. júní 2006.*

Íslensk málstöð fékkst við fjölbreytt málræktarverkefni að eigin frumkvæði og í samvinnu við aðra. Málstöðin veitti málfarsráðgjöf án endurgjalds og rak orðabanka, þar sem einkum voru íðorðasöfn, og svokallaðan málfarsbanka í tengslum við málfarsráðgjöfina. Viðamikil stafsetningarorðabók ásamt ritreglum kom út 29. ágúst eftir áralanga vinnu við hana í málstöðinni. Einnig sinni málstöðin margvíslegum öðrum kynningar-, útgáfu- og þjónustuverkefnum í þágu íslensks máls. Þá má nefna ýmiss konar innlent og erlent samstarf, annars vegar um málrækt að því er laut að almennu máli og hins vegar um íðorðamál. Jafnframt sinni málstöðin þeim

verkefnum sem stjórn Íslenskrar málnefndar beitti sér sérstaklega fyrir á hverjum tíma og fól málstöðinni að framkvæma.

Meginþættir í starfsemi Íslenskrar málstöðvar voru eftirtaldir, skv. lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, og reglugerð nr. 159/1987, um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar:


- a) Vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
- b) Vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál.
- c) Hafa samvinnu við stofnanir sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum og þá sem mikil áhrif hafa á málfar almenning, svo sem fjölmiðla og skóla.
- d) Veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli (einkum með hliðsjón af íslenskri málsögu, málfræði nútíma máls og málræktarfræði).
- e) Gefa út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók með ritreglum og önnur hagnýt orðasöfn, og beita sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess, m.a. með fundarhöldum, námskeiðum og fyrirlestrum. Í þessu fólst jafnframt kynning á íslenskri tungu og málrækt gagnvart almenningi, stjórnvöldum og fræðimönnum hér á landi og erlendis.
- f) Vinna að skipulagðri nýyrða- og íðorðastarfsemi í landinu, m.a. með því að reka orðabanka og nota hann til að safna saman nýyrðum og íðorðum (orðaforða í sérgreinum) og gera þau öllum aðgengileg á einum stað. Aðstoða eftir þörfum við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Sinna tæknilegri og málfræðilegri aðstoð við orðanefndir og aðra sérfræðinga sem fást við myndun orða til útgáfu í sérhæfðum orðasöfnum.
- g) Hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum og eftir atvikum við aðrar erlendar málræktarstofnanir. Hafa samstarf við norrænar og alþjóðlegar stofnanir og samtök sem sinna íðorðamálum og gefa út sérhæfð orðasöfn. Leitast að öðru leyti við að kynna sér alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

Höfuðmarkmið Íslenskrar málstöðvar var að vinna að framgangi íslenskrar málstefnu eins og hún kom fram í lögnum um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, þar sem grundvallarhugtök voru varðveisla og efling íslenskrar tungu, sbr. a-lið.

Undir þetta féllu þau tvö meginvið sem Íslensk málstöð lagði í starfi sínu höfuðáherslu á. Annars vegar var almennt íslenskt mál og málfarsráðgjöf, sbr. einkum liði d-e. Hins vegar var íðorðastarf og rekstur orðabanka, sbr. einkum f-lið. Liðir b, c og g studdu meginviðin hver á sinn hátt.

Unnið var að markmiðum starfseminnar 1. janúar til 31. ágúst 2006 með því að sinna eftirfarandi verkefnum: 1. daglegri málfarsráðgjöf í síma og tölvupósti, 2. undirbúningi stafsetningarorðabókar með ritreglum, 3. rekstri orðabanka Íslenskrar málstöðvar á Netinu, 4. rekstri málfarsbanka Íslenskrar málstöðvar á Netinu, 5. öðru útgáfustarfi, 6. fundum, fyrirlestrum og öðru kynningarstarfi, 7. þjónustu við Íslenska málnefnd, 8. yfirlestri handrita, 9. sölu á útgáfuritum stofnunarinnar, 10. innlendu samstarfi, 11. erlendu samstarfi.

Eftirfarandi mynd setur mismunandi verkþætti í heildarsamhengi:



**ÍSLENSK MÁLNEFND 1. JANÚAR TIL 31. ÁGÚST**

Íslensk málnefnd starfaði til 31. ágúst samkvæmt lögum nr. 2/1990, með síðari breytingum. Þau lög féllu úr gildi 1. september, sjá hér á undan. Eftir þann tíma starfar Íslensk málnefnd skv. 9. grein laga nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fjögurra ára skipunartímabil Íslenskrar málnefndar rann út 31. desember 2005 en var framlengt til 31. ágúst 2006.

Íslensk málnefnd var þannig skipuð til ágústloka:

Andri Snær Magnason, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands  
 varamaður Guðjón Friðriksson  
 Baldur Sigurðsson, tilnefndur af Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna  
 varamaður Hildigunnur Halldórsdóttir  
 Inga G. Guðmannsdóttir, tilnefnd af Bláðamannafélagi Íslands  
 Guðrún Kvaran, tilnefnd af Orðabók Háskólans, formaður  
 varamaður Gunnlaugur Ingólfsson  
 Guðrún Rögnvaldardóttir, tilnefnd af Staðlaráði Íslands  
 varamaður Arnhildur Arnaldsdóttir  
 Gunnar Stefánsson, tilnefndur af Ríkisútvarpinu  
 varamaður Erna Indriðadóttir  
 Hjörtur Pálsson, skipaður án tilnefningar  
 varamaður Svala Valdemarsdóttir  
 Knútur Hafsteinsson, tilnefndur af Samtökum móðurmálskennara  
 varamaður Björk Einisdóttir  
 Kolbrún Friðriksdóttir, skipuð án tilnefningar  
 varamaður Sigurrós Erlingsdóttir  
 Melkorka Tekla Ólafsdóttir, tilnefnd af Þjóðleikhúsinu  
 varamaður Jóhann G. Jóhannsson  
 Sigríður Sigurjónsdóttir, tilnefnd af háskólaráði, varaformaður  
 varamaður Eiríkur Rögnvaldsson  
 Sigurður Konráðsson, tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands  
 varamaður Baldur Hafstað  
 Svavar Sigmundsson, tilnefndur af örnefnanefnd  
 varamaður Sigurborg Hilmarsdóttir  
 Þorsteinn Sæmundsson, skipaður án tilnefningar  
 varamaður Þuríður Þorbjarnardóttir  
 Þóra Björk Hjartardóttir, tilnefnd af heimspekideild Háskóla Íslands  
 varamaður Jóhannes Gísli Jónsson

Jóhann G. Jóhannsson gegndi nefndarstörfum 1. janúar til 31. ágúst 2006 af hálfu Þjóðleikshússfulltrúa í forföllum Melkorku Teklu Ólafsdóttur.

**Fundir Íslenskrar málnefndar 2006**

Íslensk málnefnd kom ekki saman til fundar á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst.

**Stjórn Íslenskrar málnefndar**

Innan Íslenskrar málnefndar starfaði fimm manna stjórn. Hún kom saman fjórum sinnum á tímabilinu: í mars, apríl, maí og júní. Stjórn Íslenskrar málnefndar var þannig skipuð 1. janúar til 31. ágúst 2006:

Guðrún Kvaran formaður, varamaður Gunnlaugur Ingólfsson  
Andri Snær Magnason, varamaður Knútur Hafsteinsson  
Sigríður Sigurjónsdóttir varaformaður, varamaður Eiríkur Rögnvaldsson  
Sigurður Konráðsson, varamaður Svavar Sigmundsson  
Þóra Björk Hjartardóttir, varamaður Jóhannes Gísli Jónsson

Samkvæmt lögum um Íslenska málnefnd nr. 2/1990 sátu fulltrúar Orðabókar Háskólans, háskólaráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands í stjórn málnefndar (þessir fulltrúar voru Guðrún Kvaran formaður, Sigríður Sigurjónsdóttir varaformaður og Þóra Björk Hjartardóttir og voru varamenn þeirra jafnframt varamenn í stjórn). Auk þeirra skyldi nefndin kjósa tvo menn (og tvo til vara) úr sínum hópi. Í upphafi skipunartímabils ofangreindrar málnefndar voru Andri Snær Magnason og Sigurður Konráðsson kosnir aðalmenn í stjórn og Knútur Hafsteinsson og Svavar Sigmundsson varamenn.

Stjórnarfundir Íslenskrar málnefndar voru haldnir í Íslenskri málstöð. Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar sat fundina og hafði þar málfrelsi og tillögurétt skv. lögum nr. 2/1990. Hann var jafnframt ritari nefndarinnar.

Hér fer á eftir yfirlit um dagskrárliði ofangreindra stjórnarfunda:

Á 4 fundum: Norræna málnefndaþingið 2006; málefni Málræktarsjóðs

Á 3 fundum: Stafsetningarorðabókin; Fernuflug

Á 2 fundum: Tungutækniþingur norrænu málnefndanna; minnisblað handa nýrri málnefnd

Á 1 fundi: Starfið fram undan; fjárhagur Íslenskrar málstöðvar; nýyrðasamkeppni; umsagnarbeiðni frá menntamálanefnd

Formaður Íslenskrar málnefndar hafði samráð við menntamálaráðuneyti um að þrátt fyrir áður nefndar lagabreytingar yrði Íslensk málnefnd eftir ofangreindri skipan og skipulagi gestgjafi á norræna málnefndaþinginu sem haldið var á Selfossi 1.-3. september 2006. Í heild var um að ræða fimm daga dagskrá sem Íslensk málnefnd og málstöð stóðu að. Í aðdraganda málnefndaþingsins sjálfs var á Selfossi fundur í samstarfsneti norrænna málstöðva (30.-31. ágúst) og fundur í Málráði Norðurlanda (31. ágúst) sem er að verulegu leyti skipað fulltrúum norrænu málnefndanna, m.a. formanni Íslenskrar málnefndar, Guðrúnu Kvaran.

Íslensk málnefnd á aukaaðild að samtökunum EFNIL (European Federation of National Institutions for Language).

**HÚSNÆÐI**

Íslensk málstöð hafði aðsetur í húsnæði Háskóla Íslands á Neshaga 16, Reykjavík. Málstöðin hafði þar til starfsemi sinnar 140 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð hússins.

**STARFSLIÐ**

Ari Páll Kristinsson forstöðumaður

Ágústa Þorbergsdóttir deildarstjóri

Dóra Hafsteinsdóttir deildarstjóri, til 31. mars er hún lét af störfum fyrir aldurs sakir

Guðrún Ingólfsdóttir verkefnisstjóri, til 31. mars

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson málfræðingur, frá 21. ágúst

Kári Kaaber deildarstjóri

Kári Kaaber var tengiliður jafnréttismála í Íslenskri málstöð.

Starfsmannasamtöl fóru fram 3.-6. febrúar.

**UM FJÁRMÁL OG STARFSEMINA ALMENNT**

Íslensk málstöð var lögð niður á árinu sem sjálfstæð stofnun. Hinn 2. júní samþykkti Alþingi lög nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem taka skyldu gildi 1. september og frá sama tíma féllu úr gildi lög nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Lögin eru birt í heild framar í þessari skýrslu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók skv. þeim 1. september við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands og er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Meðal verkefna stofnunarinnar er að stuðla að aukinni þekkingu á íslenski tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði. Stofnunin er skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Jafnframt þessu var lögbundnu hlutverki Íslenskrar málnefndar breytt frá 1. september frá því sem var í eldri lögum, sbr. 9. gr. laga nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem birt eru framar í þessari skýrslu.

Framlag ríkissjóðs til rekstrar Íslenskrar málstöðvar á fjárlögum 2006 var 20,2 m.kr. Inneign á aðalbankareikningi málstöðvarinnar 1. janúar 2006 var 0,8 m.kr. og inneign hjá fjársýslu, frá fyrra ári, 0,9 m.kr. Lítils háttar sértekna var aflað með yfirlestri handrita, einkum á tímabilinu apríl til ágúst og með sölu á útgáfuritum stofnunarinnar (sjá væntanlegan ársreikning). Þá barst styrkur úr Nordplus Språk-verkefninu að upphæð 50.000 DKK (sjá hér á eftir).

Reksturinn var í jafnvægi á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst og hafði stofnunin ráðstafað því sem næst 8/12 af fjárheimildum ársins þegar hún var lögð niður í lok 8. mánaðar ársins.

Fjársýsla ríkisins annaðist launavinnslu, greiðslu- og bókhaldsþjónustu. Fjársýslan tekur saman reikningsskil fyrir 1. janúar til 31. ágúst 2006 og er til þeirra vísað sem og til væntanlegs staðfests ársreiknings fyrir 1. janúar til 31. ágúst 2006 frá Ríkisendurskoðun.



Hinn 31. mars lét Dóra Hafsteinsdóttir deildarstjóri, ritstjóri *Stafsetningarorðabókarinnar*, formlega af störfum fyrir aldurs sakir en hún varð sjötug í marsmánuði. Sama dag lauk einnig tímabundinni ráðningu Guðrúnar Ingólfsdóttur verkefnisstjóra sem vann að gerð bókarinnar. Í maí auglýsti stofnunin eftir málfræðingi til starfa og bárust fjórar umsóknir. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var í júní ráðinn í starfið frá 21. ágúst að telja.

Verkaskiptingu í stofnuninni var hnikað til frá því sem reglulegt var skv. starfslýsingum og skipuriti, í samkomulagi við þá starfsmenn sem í hlut áttu: Dóra Hafsteinsdóttir iðorðadeildarstjóri annaðist ritstjórn stafsetningarorðabókar frá því snemma árs 2002 til starfsloka sinna 31. mars 2006 en á meðan var umsjón með orðabanka Íslenskrar málstöðvar og tengsl við iðorðafólk í höndum Ágústu Þorbergsdóttur málfræðideildarstjóra og hélt hún því verki jafnframt áfram eftir starfslok Dóru.

Með hliðsjón af fyrirhuguðum lagabreytingum, sem urðu að veruleika 1. september, sjá hér á undan, var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst ekki bryddað upp á neinum umtalsverðum nýjungum í starfseminni heldur lagt kapp á að ljúka við yfirstandandi tímabundin verkefni en halda að öðru leyti í horfinu með viðhaldi á fyrirbyggjandi gagnagrunnum og með annarri hefðbundinni þjónustu við almenning og stjórnvöld.

*Stafsetningarorðabókin* var forgangsverkefni á tímabilinu. Eins og áætlað hafði verið tókst að kosta verkefnið annars vegar með því að millifæra fé úr öðrum verkefnum og hins vegar með styrkjum. Ritstjóri skilaði síðasta hluta handritsins til útgefanda 28. febrúar og bókin kom út hjá JPV 29. ágúst. Íslensk málnefnd og málstöð efndu til samkvæmis á Hótel Sögu 28. ágúst til að fagna verkinu með ritstjóra, útgefanda og öðrum velunnurum.

Annað viðamikið verkefni í málstöðinni á tímabilinu janúar til ágúst var undirbúningur að norrænu málnefndaþingi á Selfossi 1.-3. september og að fundi í samstarfsneti norrænu málstöðvanna á sama stað 30.-31. ágúst. Jafnframt var þar 31. ágúst fundur í Málráði Norðurlanda. Norræna málnefndaþingið og tengdir fundir höfðu þó lítil áhrif á afkomu málstöðvarinnar á árinu þar sem Málráð Norðurlanda eyrnamerkti hluta af ráðstöfunarfé sínu 2006 til að mæta þeim kostnaði við þinghaldið sem þátttakendur greiddu ekki sjálfir. Þinghaldinu fylgdi hins vegar mikil skipulagsvinna í Íslenskri málstöð og í stjórn Íslenskrar málnefndar sem ekki var greitt sérstaklega fyrir enda skiptast norrænu málnefndirnar á að annast ársþingin svo að vinnan jafnast niður í áronna rás.

Íslensk málstöð fékk snemma árs greiddan út 50.000 DKK styrk úr Nordplus Språkverkefninu til að gefa út ráðstefnurit eftir ráðstefnu norrænu iðorðasamtakanna Nordterm sem Íslensk málstöð annaðist í Reykjavík í júní 2005. Ráðstefnuritið, *Ord og termer* (367 bls.), kom út á fyrra helmingi ársins í ritstjórn Ágústu Þorbergsdóttur.

Íslensk málstöð hafði tekið höndum saman við nokkrar háskólastofnanir og fleiri aðila á Norðurlöndum árið 2005 um samnorrænt tilraunaverkefni um fjarkennslu í iðorðafraeði. Verkefnið, sem nefnist TERMDIST, fékk það ár styrk úr Nordplus Språk-verkefninu. Af hálfu Íslenskrar málstöðvar vann Ágústa Þorbergsdóttir áfram að verkefninu árið 2006 og var útlagður kostnaður greiddur af sameiginlegum verkefnisstyrk.

Í febrúar kom út á vef Námsgagnastofnunar upplýsinga- og verkefnaritið *Íslenska – málið þitt* eftir Ara Pál Kristinsson sem málstöðin fékk höfundargreiðslu fyrir. Sjá ársskýrslu 2005 um samning Íslenskrar málstöðvar og Námsgagnastofnunar um þetta verkefni. Verkefnið var tilgreint í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2002-2005.

*Málfregnir* 24 komu út í febrúar.

*Ársskýrsla Íslenskrar málstöðvar 2005*, dagsett 30. janúar, kom út 13. febrúar.

MS (áður Mjólkursamsalan) færði Íslenskri málstöð eina nýja einkatölvu 9. febrúar.

Jafnframt tímabundnum átaksverkefnum, s.s. útgáfu stafsetningarorðabókar og undirbúningi norræns málnefndarþings, hélt Íslensk málstöð tímabilið 1. janúar til 31. ágúst uppi hefðbundinni ráðgjöf við stjórnvöld og almenning. Þar er efst á blaði dagleg málfarsráðgjöf í síma og tölvupósti, auk orðabanka og málfarsbanka stofnunarinnar.

Þjónusta við erlenda áhugamenn um íslenskt mál, íslenska málrækt, íslenska málstefnu, þýðingar o.fl. varð með tímanum gildur þáttur í starfsemi Íslenskrar málstöðvar. Málstöðin gegndi orðið talsverðu hlutverki við kynningu á íslensku máli erlendis og við að greiða götu erlendra manna sem upplýsinga leituðu um íslensku. Orðabanki Íslenskrar málstöðvar er aðgengilegur á 8 tungumálum og heimsóttur af netlénnum um allan heim. Málstöðin hélt úti eigin vefsíðu á ensku með helstu upplýsingum um stofnunina og íslenskt mál, vísunum í rit o.fl. og í samvinnu við Fróða ehf. birti málstöðin vefsíður á ensku, dönsku og finnsku til kynningar á stofnuninni í gagnabankanum randburg.com. Málstöðin hafði einnig skráð leitarorð um íslenskt mál og stofnunina hjá upplýsingavefnum wikipedia.org.

Ekki er tilefni til að gera talnalegan samanburð á markmiðum og útkomu ársins 2006 þar sem stofnunin var lögð niður áður en árinu lauk sem markmiðin höfðu tekið til.

### **ÁRSREIKNINGUR FYRRA ÁRS (2005)**

Endurskoðaður ársreikningur ársins 2005 er dagsettur 12. október 2006. Helstu atriði hans eru þessi:

Fjárveitingar á fjárlögum til Íslenskrar málstöðvar 2005 námu 18,2 m.kr. og uppfærsla vegna launa nam 2,2 m.kr. Ýmis framlög og sértekjur stofnunarinnar námu samtals 5,8 m.kr. Þar var einkum um að ræða norræna styrki til að standa straum af kostnaði við norræna íðorðadaga í Reykjavík í júní 2005, styrk MS til útgáfu stafsetningarorðabókar, útselda vinnu við yfirlestur handrita og tekjur af sölu útgáfurita stofnunarinnar.

Árið 2005 urðu laun og launatengd gjöld 23,8 m.kr. og eru þar með taldar greiðslur til nefndarmanna í Íslenskri málnefnd. Launagjöld hækkðu frá fyrra ári vegna tíma-bundinnar ráðningar starfsmanna í tengslum við stafsetningarorðabókina. Önnur rekstrargjöld (einkum vegna mikillar útgáfu á árinu, funda- og ferðakostnaðar við norrænu íðorðadagana þar sem stofnunin greiddi ferðir erlendra fræðimanna til Íslands og vegna endurforritunar á orðabankanum) námu 4,4 m.kr. og eignakaup (ljósritunarvél, símabúnaður) 0,2 m.kr.

Gjöld 2005 urðu alls 2,2 m.kr. umfram fjárheimildir sem var einkum mætt með því að ganga á inneign stofnunarinnar á bankareikningi og hjá ríkissjóði.

Í ársbyrjun 2005 átti stofnunin 1,7 m.kr. inneign hjá ríkissjóði en í árslok 2005 átti stofnunin þar 0,9 m.kr. inneign.

Í ársbyrjun 2005 átti stofnunin 2,7 m.kr. á aðalbankareikningi sínum en í árslok 2005 nam inneignin 0,8 m.kr.

## RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTA

Íslensk málstöð svaraði fyrirspurnum og veitti leiðbeiningar um íslenskt mál í daglegri málfarsráðgjöf í síma og tölvupósti, með yfirlestri handrita, með málfarsbanka sínum og ýtarlegum ritreglum á vefnum.

Í lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, sem Íslensk málstöð starfaði eftir, sagði m.a. að málfarsleiðbeiningar á vegum nefndarinnar skyldu byggjast á fræðilegum grundvelli. Í málfarsráðgjöf Íslenskrar málstöðvar var lögð áhersla á að fylgja opinberum reglum um frágang ritmáls. Margt í málfari og frágangi máls er þess eðlis að unnt er að veita býsna afdráttarlaus svör sem byggjast á traustri og ótvíræðri málhefð, hvort heldur spurt er um framburð, réttitun, beygingar, setningaskipan, merkingar orða eða föst orðasambönd. Annað er hins vegar þannig vaxið að ekki er unnt eða réttlætánlegt að veita afdráttarlausar leiðbeiningar um að tiltekið atriði sé ávallt rétt og annað ávallt rangt. Sum orð eða orðasambönd kunna að vera við hæfi við sumar aðstæður en ekki aðrar. Ekki er unnt að veita leiðbeiningar um slíkt á fræðilegum grundvelli nema með því að hafa í huga að málsnið og stíll, sem valinn er, getur ráðið úrslitum um hvaða málnotkun á við.

Málfarsbanki Íslenskrar málstöðvar á Netinu var tekinn í gagnið 2002 og var um að ræða nýjung í ráðgjafarþjónustu stofnunarinnar sem átti sér enga hliðstæðu hér á landi. Sjá nánar í næsta kafla. Fyrirspurnir til málstöðvarinnar voru skráðar og flokkaðar m.a. með það fyrir augum að semja nýjar greinar í málfarsbankann með hliðsjón af þeim.

Leiðbeiningar málstöðvarinnar um málfar voru endurnýjaðar eftir því sem þörf krafði og unnt var á hverjum tíma. Auk málfarsbanka og ritreglna má nefna skrá um helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda og skrá um landaheiti, tengd lýsingarorð og íbúaheiti, ásamt lista um heiti höfuðstaða.

Málstöðin aðstoðaði með ýmsu móti þá sem fást við að þýða á íslensku. Sífelld meira bar á fyrirspurnum frá útlöndum um íslenskt mál, íslenska málstefnu, þýðingar o.fl.

Af yfirlestri handrita hafði málstöðin svolitlar tekjur, einkum í apríl-júní. Viðskiptavinir voru einkum opinberar stofnanir, ráðuneyti og fyrirtæki með veruleg umsvif.

## MÁLFARSBANKI ÍSLENSKRAR MÁLSTÖÐVAR

Málfarsbankinn (<http://www.ismal.hi.is/malfar/>) var formlega opnaður til almennrar notkunar 30. maí 2002. Slá má inn leitarorð og finna úrlausnir sem teknar voru saman í Íslenskri málstöð. Í bankanum er að finna leiðbeiningar um það sem algengast var að

starfsmenn Íslenskrar málstöðvar væru spurðir um, svo sem beygingu orða, ýmis orðasambönd, ritreglur, landa- og íbúaheiti og margt annað. Ef notandi finnur enga viðeigandi grein um leitarorðið í málfrásbankanum er honum boðið að senda málstöðinni fyrirspurn. Sérfræðingar málstöðvarinnar svöruðu henni í tölvupósti eins og endranær eftir bestu getu. Nýjar fyrirspurnir frá almenningi bentu ritstjóra málfrásbankans jafnframt á hvað nýjar greinar í málfrásbankanum ættu að fjalla um. Þær yrðu svo tiltækar þar fyrir næsta notanda sem bæri fram spurningu um sama eða skylt efni. Með málfrásbankanum voru leiðbeiningar Íslenskrar málstöðvar um mál og málnotkun gerðar enn aðgengilegri en áður. Fyrirspurnum til starfsmanna Íslenskrar málstöðvar hafði fjölgað ár frá ári og málfrásbankinn átti einnig að vaxa með tímanum og myndi, þegar fram líða stundir, væntanlega endurspegla tiltölulega vel hvaða málfrásatriði hefðu verið efst á baugi í ráðgjafarstarfinu á hverjum tíma og hvort og þá hvernig sú mynd breyttist með tímanum. Hér var jafnframt um að ræða skráningar- og yfirlitskerfi fyrir starfsmenn Íslenskrar málstöðvar um spurningar sem bárust og svör sem tekin voru saman í stofnuninni í tengslum við málfrásráðgjöfina. Um gerð málfrásbankans var fjallað ýtarlega í ársskýrslu 2002. Ágústa Þorbergsdóttir sá um rekstur og viðhald á málfrásbankanum. Ragnar Hafstað hannaði kerfið.

## STAFSETNINGARORÐABÓK OG RITREGLUR

*Stafsetningarorðabókin* kom út hjá JPV 29. ágúst. Bókin var samin í umboði Íslenskrar málnefndar og skv. 5. tölulið 2. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Gerð stafsetningarorðabókar var forgangsverkefni Íslenskrar málstöðvar fyrstu mánuði ársins og var síðasta hluta handrits skilað í umbrot hjá útgefanda á tilskildum tíma, 28. febrúar, og lauk yfirlistri á umbrotinni próförk af hálfu málstöðvar og ritstjóra nokkrum vikum síðar. Íslensk málnefnd og málstöð efndu til samkvæmis á Hótel Sögu 28. ágúst til að fagna verkinu með ritstjóra, útgefanda og öðrum velunnurum.

Á stjórnarfundum Íslenskrar málnefndar 11. desember 2001 var ályktað að útgáfa stafsetningarorðabókar yrði meðal helstu forgangsverkefna málnefndar og málstöðvar á næstu árum. Þá var samþykkt (í ljósi undirbúningsskýrslu Dóru Hafsteinsdóttur, dags. 8. nóvember 2001, og með hliðsjón af skýrslum eftir Baldur Jónsson, dags. 29. desember 1998 og 10. september 1999) að beina því til málstöðvarinnar að hún semdi tillögur að áætlun um verkstjórn, ritstjórnartilhögun og fjárhagsáætlun og legði fyrir nýja málnefnd eða stjórn hennar árið 2002. Miðað yrði við að öll verkstjórn yrði á vegum málstöðvarinnar og að þar hefði Dóra Hafsteinsdóttir forsögn.

Á stjórnarfundum Íslenskrar málnefndar 12. mars 2002 var kynnt minnisblað eftir forstöðumann og Dóru Hafsteinsdóttur með áætlun um verkstjórn, ritstjórnartilhögun og fjárhagsáætlun um stafsetningarorðabók. Þar komu fram þættirnir markmið, tími, mannafla og efnisöflun og var gert ráð fyrir að verkið hæfist þegar í þeim mánuði og útgáfa á bók og á Netinu yrði orðin að veruleika í síðasta lagi í mars 2006. Dóra Hafsteinsdóttir yrði ritstjóri. Þörf væri á aðkeyptri tölvuþjónustu til að leggja síðustu hönd á sérhannað forrit fyrir bókina.

Stjórn Íslenskrar málnefndar féllst á ofangreinda áætlun og var því síðan unnið að bókinni í samræmi við hana. Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2002-2005, sem gengið var frá 16. nóvember 2002, var enn fremur áréttað að útgáfa stafsetningarorða-

bókar væri forgangsverkefni á tímabilinu. Stjórn málnefndarinnar myndaði ráðgefandi ritnefnd og fékk kafla úr handritinu til yfirlstrar fyrir útgáfu.

Stjórn Íslenskrar málnefndar áréttaði á fundinum 12. mars 2002 að um væri að ræða stafsetningarorðabók og því ætti ekki að þurfa að birta þar ýmis misjafnlega aðlöguð erlend orð o.þ.h. sem bundin væru óformlegu talmáli. Stjórnin var einhuga um að leggja skyldi áherslu á leiðbeiningar um vandaða beygingu í bókinni. Enn fremur yrði þar að finna íslenskar ritreglur, ýtarlegar og settar fram á aðgengilegan hátt, byggðar á gildandi auglýsingum menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu og greinarmerkjasetningu og í samræmi við þær vinnureglur sem Baldur Jónsson tók saman um íslenska stafsetningu fyrir Íslenska málnefnd (dags. 11. júní 1999).

Stjórn Íslenskrar málnefndar beindi því til ritstjóra á fundi sínum 11. október 2005 að sem oftast yrði leitast við að velja eina ritmynd í stað þess að sýna valkvæðar myndir. Jafnan skyldi birt sú mynd sem talin væri upprunalegust eða best í þeim skilningi að rétt væri að mæla með henni umfram aðrar.

Undirritaður var útgáfusamningur við JPV 20. desember 2005 og var þá stefnt að útkomu ritsins haustið 2006.

Stjórn Íslenskrar málnefndar samþykkti á fundi sínum 7. mars smávægilegar lagfæringar á fáeinum liðum í ritreglum þeim sem birtar yrðu í *Stafsetningarorðabókinni*, frá þeirri gerð sem samþykkt var á stjórnarfundi 14. desember 2004.

Dóra Hafsteinsdóttir hafði helgað sig ritstjórn *Stafsetningarorðabókarinnar* frá því snemma árs 2002. Henni til aðstoðar í janúar-mars 2006 var Guðrún Ingólfssdóttir verkefnisstjóri. Auk þeirra tveggja lögðu aðrir starfsmenn í málstöð verkefninu lið á tímabilinu eftir því sem tími gafst til og ritstjóri óskaði eftir. Stjórn Íslenskrar málnefndar tók við stafköflunum B og D til yfirlstrar 7. mars og veitti jafnframt umsagnir um tiltekin grundvallarsjónarmið. Björn Þór Jónsson tölvufræðingur hafði umsjón með tölvuvinnslu. Guðmundur Þorsteinsson hjá JPV annaðist umbrot og útlit. Svavar Pétur Eysteinnsson hjá JPV hannaði bókarkápu. Katrín Axelsdóttir las próförk á vegum útgefanda.

Eins og rakið var í ársskýrslu 2004 voru hugmyndir til umræðu milli Íslenskrar málnefndar og menntamálaráðuneytis á árunum 1995-1999 um myndugleik Íslenskrar málnefndar í stafsetningarmálum og hugsanlega lagasetningu þar sem Íslenskri málnefnd yrði falið að birta réttitunarreglur í stafsetningarorðabók sinni. Þráðurinn var tekinn upp í bréfi Íslenskrar málstöðvar til menntamálaráðherra 26. október 2004 þar sem málstöðin hvetur ráðherra til að huga að möguleikanum á lagasetningu um fyrirkomulag á birtingu íslenskra réttitunarreglna. Væri á annað borð áhugi á því af hálfu ráðuneytisins væri heppilegt að gera það fyrr en síðar með hliðsjón af fyrirhuguðum útgáfuverkefnum á vegum Íslenskrar málnefndar, þ.e. hinni væntanlegu stafsetningarorðabók með ritreglum.

Hinn 2. júní samþykkti Alþingi lög nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem taka skyldu gildi 1. september. Sjá fyrri kafla þessarar ársskýrslu. Í 9. gr. laganna segir m.a.: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.“ Þar með

hefur verið skotið lagastoð undir útgáfu íslenskra ritreglna. Í athugasemdum við 3. grein frumvarps til þessara laga sagði m.a. að stafsetningarorðabók, í prentuðu eða rafrænu formi, skyldi vera meðal útgáfurita þeirrar stofnunar, hinnar nýju skrifstofu Íslenskrar málnefndar, sem taka skyldi við af Íslenskri málstöð og fjórum öðrum stofnunum á sviði íslenskra fræða.

## ÍÐORÐASTÖRF OG ORÐABANKI ÍSLENSKRAR MÁLSTÖÐVAR

Mikið af starfsemi Íslenskrar málstöðvar var á einhvern hátt tengt íðorðastörfum. Málstöðin var í sambandi við orðanefndir og einstaklinga sem starfa á ýmsum sérsviðum og var þeim innan handar eftir mætti. Íslensk málstöð hafði á skrá um 50 orðanefndir en þær eru ekki nærri allar virkar. Á síðustu árum óx jafnframt mjög samstarf málstöðvar við áhugasama einstaklinga og tengdist það vexti og viðgangi orðabanka Íslenskrar málstöðvar enda varð sífellt algengara að einstakir sérfræðingar, eða örfáir saman, semdu um afnot af vinnusvæði í orðabankanum enda þótt ekki væri stofnuð um það formleg orðanefnd.

Efniviðar í orðabankann var aflað þannig að sérfræðingar fengu ókeypis aðgang með leyniorði að orðabókargerðarforriti á Netinu í eigu Íslenskrar málstöðvar gegn því að málstöðin fengi að birta orðasöfnin í orðabankanum á Netinu þegar þau væru tilbúin. Skriflegur samningur var gerður um hvert vinnusvæði. Í ágústlok voru 46 orðasöfn í birtingarhluta orðabankans og 64 orðasöfn í vinnsluhlutanum.

Orðabanki Íslenskrar málstöðvar var hannaður á árunum 1995-1997. Aðsókn að honum var gríðarmikil og óx ár frá ári. Eftir að orðabankinn hafði verið í notkun í nokkur ár var svo komið að vinnsla og leit var orðin óþægilega hægvirkt svo að notendur kvörtuðu undan, einkum almennir notendur. Ekki lá fyrir lýsing á hugbúnaðinum sem dygði til að aðrir en höfundur hans gætu lagfært ágalla. Tölvufræðingar, sem málstöðin leitaði til, voru á einu máli um að nauðsynlegt yrði að endurbæta hugbúnað orðabankans frá grunni í ljósi framfara í vefforritun. Orðabankinn var endurforritaður á árunum 2003-2004 og árin 2005-2006 hafði í verkáætluninni verið gert ráð fyrir gæðaeftirliti, öryggisprófunum og slíku. Í ljós komu ýmsir ágallar sem seinlega gekk að fá lagfærða, einkum vegna mikilla anna þeirra tölvusérfræðinga sem tekið höfðu verkefnið að sér. Lagfæringar á birtingarhluta höfðu verið settar í forgang 2005 en á tímabilinu janúar-ágúst 2006 fundu starfsmenn málstöðvarinnar oft til þess að bagalegt var að vinnsluhlutinn var ekki kominn í viðunandi horf. Ástandið bitnaði helst á samstarfsaðilum málstöðvarinnar sem höfðu samið um vinnusvæði í orðabankanum. Í ágústlok höfðu ekki enn náðst viðunandi úrbætur.

Á árinu voru undirritaðir samstarfssamningar við tvo nýja rétthafa íðorðasafna um vinnusvæði og birtingu orðasafna þeirra í orðabankanum, þ.e. *Brunatækniorðasafns* og *Íslenskrar lögfræðiorðabókar*.

Kennslufundir voru haldnir á tímabilinu janúar-ágúst með ritstjórum 7 orðasafna.

Íslensk málnefnd var aðili að norrænu íðorðasamtökunum Nordterm og annaðist Íslensk málstöð samskipti við þau fyrir hönd nefndarinnar. Ágústa Þorbergsdóttir deildarstjóri í málstöðinni sat í stjórnarnefnd Nordterm og Ari Páll Kristinsson til vara. Ágústa Þorbergsdóttir ritstýrði ráðstefnuriti eftir norrænu íðorðadagana sem

haldnir voru á Íslandi í júní 2005: *Ord og termer. Proceedings fra Nordterm 2005. Reykjavík, den 9.-11. juni 2005.* Nordterm 14. Reykjavík 2006.

Íslensk málstöð hafði tekið höndum saman við nokkrar háskólastofnanir og fleiri aðila á Norðurlöndum árið 2005 um samnorrænt tilraunaverkefni um fjarkennslu í íðorðafraði, TERMDIST. Af hálfu Íslenskrar málstöðvar vann Ágústa Þorbergsdóttir áfram að verkefninu árið 2006.

## UMSAGNIR OG SAMÞYKKTIR

### Íslensk málnefnd

Íslensk málnefnd veitti menntamálanefnd Alþingis umsögn 17. mars um frumvarp til útvarpslaga, 79. mál, íslenskt tal eða texti á íslensku. Þar mælti málnefndin gegn tilslökun á reglum um endursögn, íslenskan texta eða íslenskt tal þegar flutt væri efni frá íþróttaviðburðum erlendis.

Stjórn Íslenskrar málnefndar samþykkti á fundi sínum 12. júní þá tillögu formanns að Gylfi Magnússon dósent yrði formaður stjórnar Málræktarsjóðs.

Stjórn Íslenskrar málnefndar samþykkti á fundi sínum 12. júní efni minnisblaðs sem ætlað var nýrri málnefnd þar sem annars vegar eru nefnd tvö verkefni sem fráfarandi málnefnd hafði samþykkt að ráðast í en ekki hafði enn verið hægt að hrinda í framkvæmd og hins vegar fjögur verkefni frá fyrra tímabili sem ástæða væri til að mæla sérstaklega með að haldið yrði áfram við. Hin nýja málnefnd hefði vitaskuld frjálssar hendur um framtíð þessara verkefna.

### Íslensk málstöð

Íslensk málstöð veitti menntamálanefnd Alþingis umsögn 16. janúar um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál. Mælt var með frumvarpinu enda væri þar gert ráð fyrir nýrri stofnun á vettvangi íslenskra fræða og íslenskrar tungu sem yrði öflugri en þær fimm stofnanir sem sameinaðar yrðu. Talið var að málræktarverkefnum úr lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, yrði ágætlega til skila haldið samkvæmt frumvarpinu og athugasemdum. Lögð var til umröðun á efnisatriðum í 9. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutverk Íslenskrar málnefndar. Loks var talið mikilvægt að málræktarverkefni á borð við þau sem málstöðin hefði með höndum yrðu bundin í skipulagi hinnar nýju stofnunar.

Íslensk málstöð veitti menntamálanefnd Alþingis umsögn 16. febrúar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál. Þar er fagnað því ákvæði fyrsta efnisþáttar fyrsta tölulíðar hlutverksgreinar frumvarpsins að útvarpsþjónusta í almannapágu feli í sér að leggja rækt við íslenska tungu. Einnig segir í umsögninni að ákvæði frumvarpsins um þýðingar á efni á erlendu máli sé nauðsynlegt, sem meginregla, enda færi annað í bág við fyrrnefnda ákvæðið.

Íslensk málstöð veitti menntamálaráðuneyti umsögn 12. maí um tillögur um greinarmerkjasetningu sem ráðuneytinu höfðu borist frá Jónasi Kristjánssyni. Mælt var gegn því að tillögurnar yrðu teknar upp.

## SAMSKIPTI VIÐ ERLENDAR STOFNANIR

Þessi samskipti voru aðallega tvönnis konar, við aðrar málnefndir og málstöðvar, einkum á Norðurlöndum og á vettvangi EFNIL (European Federation of National Institutions for Language), og við norrænar og alþjóðlegar íðorðastofnanir.

### Samskipti norrænna málnefnda og málstöðva

Íslensk málnefnd hefur frá upphafi átt ýmis samskipti við aðrar málnefndir á Norðurlöndum og hefur ætíð átt fulltrúa á árlegum fundum þeirra. Málnefndirnar á Norðurlöndum eru 10 talsins: Dansk Sprognævn, Kielitoimisto (finnska málnefndin) og Svenska språkbyrån (Finnlandssænska málnefndin) en fyrir þeirra hönd annast Forskningscentralen för de inhemska språken (Finnsk málstöð) um samstarfið, Føroyenska málnevndin, Íslensk málnefnd, Språkrådet (Noregi), Oqaasiliortut (Grønlands Sprognævn), Sámi giellalávdegoddi (Sametingets språkstyre), Svenska språknämnden og Sverigefinska språknämnden en fyrir hönd tveggja hinna síðastnefndu annaðist Språkrådet, málræktardeild stofnunarinnar Institutet för språk och folkminnen, um samstarfið frá og með 1. júlí.

Meðal verkefna Málráðs Norðurlanda, sem tók til starfa 1. janúar 2004, er að bera ábyrgð á því að norrænu málnefndirnar geti unnið saman. Norrænu málnefndirnar eiga samtals 8 fulltrúa af 14 í ráðinu. Málráð Norðurlanda hefur það meginhlutverk að móta norræna málstefnu ásamt því að hafa yfirumsjón með stuðningsáætlun við norræn mál, Nordplus Språk. Aðalmenn af Íslands hálfu í Málráði Norðurlanda eru Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, og Sölvi Sveinsson.

Fyrir stofnun Málráðs Norðurlanda áttu málnefndirnar og skrifstofur þeirra samstarf á vettvangi svonefnds Norræns málráðs. Á lokafundi þess 6.-7. febrúar 2004 var ákveðið að skrifstofur norrænu málnefndanna hefðu einnig framvegis vettvang til samstarfs sín á milli. Var myndað í því skyni óformlegt samstarfsnet norrænna málstöðva sem leitar árlega eftir stuðningi úr Nordplus Språk-áætluninni sem Málráð Norðurlanda stjórnar. Starfsemi samstarfsnetsins felst enn sem komið er einkum í árlegum fundum um tiltekin mál sem brenna sameiginlega á málstöðvum norrænu landanna og í útgáfu tímaritsins *Språk i Norden*. Norrænn ritari af hálfu Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar er Ari Páll Kristinsson og situr hann jafnframt í ritstjórn tímaritsins *Språk i Norden*.

Fundur í samstarfsneti norrænna málstöðva var haldinn 30.-31. ágúst á Selfossi.

Dagskrá:



Miðvikudagur 30. ágúst:

9.30	Velkommen v/Guðrún Kvaran, Íslensk málnefnd
	Ordstyrer: Eivor Sommardahl
9.40-10.45	Omstrukturering av språknemndene.  Danmark og Norge bidrar med rapporter om endringene der, om hva som går bra og hva som ikke går så bra; Island og Sverige beskriver den prosessen som pågår der nå. De andre språknemndene bidrar med øvrige innspill kring dette temaet.
10.45-11.15	Pause + kaffe
11.15-12.00	Ny redaktør av Språk i Norden. Språknemndenes felles nettsider, <a href="http://www.nordisk-sprakrad.no">www.nordisk-sprakrad.no</a> . Hvordan skal nettverket forholde seg til en nordisk språkportal (hvis NSR vedtar å realisere prosjektet)? Torbjørg Breivik innleder diskusjonen.
12.00-13.00	Lunsj
	Ordstyrer: Jan Hoel
13.00-15.00	Informasjonsrunde – ca 10 min. pr. nemnd men Íslensk málnefnd ca 30 min.
15.00-15.30	Pause + kaffe
15.30-16.30?	Mandatet til arbeidsgruppa for språkteknologi. Sammensetning av arbeidsgruppa. Innlegg v/Torbjørg Breivik + diskusjon.
16.30?-19.00	(Obs. at Selfoss har en bra svømmehall!)
19.00-	Middag

Fimmtudagur 31. ágúst:

Arbeidsgrupper diskuterer

A) Hvilken rolle kan/bør språknemndene spille når det gjelder publisering av veiledninger av typen *Håndbog i nudansk, Språkvett* etc.? Diskusjonsleder: Pia Jarvad

B) Telefonrådgivningen – forts. fra diskusjonen i Tórshavn 2004. Diskusjonsleder: Birgitta Lindgren

C) Språknemndenes nettsider – interaktivitet, en felles nordisk nettside m.m.

Diskusjonsleder: Torbjørg Breivik

9.30-11.00	Diskusjon i arbeidsgruppene A, B og C (jf. ovenfor)
11.00-11.30	Rapportering v/ arbeidsgruppene A, B og C
11.30-13.00	Lunsj
13.00-15.30	Felles vandring i Selfoss m.m.
15.30-16.00	Kaffe i Hótel Selfoss
16.00-19.00	(Svømmehallen? Mere vandring? Ridetur? (dette må hver enkelt arrangere/betale))
19.00-	Middag

Norræna málnefndaþingið var haldið á Selfossi 1.-3. september og varði Íslensk málstöð og stjórn Íslenskrar málnefndar talsverðum kröftum á tímabilinu janúar til ágúst í undirbúning þess. Þykir því rétt að birta dagskrá málnefndaþingsins í þessari skýrslu þótt hún taki að öðru leyti aðeins til tímabilsins janúar til ágúst:

Föstudagur 1. september og laugardagur 2. september:

<i>Fredag 1. sept.</i>		<i>Lørdag 2. sept.</i>	
			Ordstyrer: Niels Davidsen-Nielsen
9.30-9.40	Ápning v/Guðrún Kvaran	9.30-10.30	Foredrag v/Catharina Grünbaum: Språkvård för morgondagens medier
9.40-9.50	Orientering om nettverksmötet  v/Ari Páll Kristinsson	10.30-11.15	Foredrag v/Anne Kjærgaard og Ida Elisabeth Mørch:  En praktisk formidlingsudfordring – om formidling af sproglige emner på sprogportalen Sproget.dk
	Ordstyrer: Olle Josephson	11.15-11.45	Pause + Kaffe
9.50-10.50	Foredrag v/Sigrún Stefánsdóttir: Sproget som verktøj	11.45-12.30	Foredrag v/Ari Páll Kristinsson: Talt vs. skrevet – om manusets rolle i radiospråk
10.50-11.20	Pause + Kaffe	12.30-13.45	Lunsj
11.20-12.05	Foredrag v/ Eva Harrie:  Nordiska medievanor i förändring		Ordstyrer: Mikael Reuter
12.05-13.30	Lunsj	13.45-14.30	Foredrag v/Lars Hedman: Kan man använda ROFL i en rubrik? - En journalists syn på "webbelskan"
	Ordstyrer: Gyrid Högman	14.30-15.15	Foredrag v/Stig Hjarvard:  Sprogets medialisering
13.30-14.15	Foredrag v/Jan Svensson:  Språk och texter i offentlighetens Big Bang	15.15-15.45	Pause + Kaffe
14.15-15.00	Foredrag v/ Ruth Vatvedt Fjeld: Utviklinga i radio- og fjernsynsspråk	15.45-16.30	Generell diskusjon
15.00-15.30	Pause + Kaffe	16.30-16.40	Slutt + evt. info. om neste møte
15.30-16.15	Generell diskusjon		
		17.30-19.00	Mottakelse v/Árborg Kommune
		19.00-	Festmiddag
19.00-	Middag		

Sunnudagur 3. september:

Avreise / Utflukt

8.00-9.00 Utsjekking av hotellet – 9.00-14.30 Utflukt: 9.00 Avreise fra Hótel Selfoss – 14.30 Keflavík lufthavn – 15.30 Reykjavík

### Samstarf evrópskra málræktarstofnana

Samtök evrópskra málræktarstofnana, sem sinna málefnum þjóðtungna Evrópuríkja, voru stofnuð í október 2003. Þau nefnast á ensku European Federation of National Institutions for Language (EFNIL). Rétt til fullrar aðildar að þessum samtökum eiga aðeins málræktarstofnanir í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Stofnanir frá öðrum Evrópulöndum geta gerst aukaaðilar gegn hálfu árgjaldi, 1.500 evrum á ári, og hafa fulltrúar þeirra þá málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum en ekki atkvæðisrétt. Ávinningur af þátttöku í starfi samtakanna virðist að öðru leyti sambærilegur við fulla aðild. Norskt málráð gekk í sambandið sem aukaaðili í nóvember 2004 en meðal stofnfélaga voru m.a. Finnska málstöðin, Sænsk málnefnd og Dönsk málnefnd. Formanni Íslenskrar málnefndar var boðið á stofnfund EFNIL 2003 og forstöðumanni málstöðvar á ársfund samtakanna 2004. Formaður og forstöðumaður mæltu eftir þessi kynni með því að leitað yrði eftir aukaaðild sem myndi styrkja starfsemi Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar inn á við og út á við. Fundir sambandsins 2003 og 2004 hefðu leitt í ljós að þjóðtungurnar, sem aðildarstofnanirnar eru fulltrúar fyrir, eigi ákaflega margt sameiginlegt þegar kemur að aðsteðjandi úrlausnarefnum. Aukaaðild að EFNIL væri aukinheldur í samræmi við 3. málslíð 7. tölulíðar 2. greinar laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Á stjórnarfundi í Íslenskri málnefnd 14. desember 2004 var samþykkt að óska eftir aukaaðild að EFNIL á ársfundi samtakanna 2005 og var umsóknin formlega samþykkt þar af hálfu EFNIL. Hefur Íslensk málnefnd því verið aukaaðili að samtökunum frá 25. nóvember 2005. Veffang EFNIL er eurfedling.org.

### Samskipti við iðorðastofnanir

Íslensk málstöð átti aðild að alþjóðlegu iðorðasamtökunum Infoterm og Evrópu-samtökunum EAFT (European Association for Terminology). Auk þess tók málstöðin þátt í samstarfs- og samráðsvettvangi opinberra eða opinberlega viðurkenndra stofnana sem fást við skráningu iðorða og ýmiss konar gagna sem tengjast iðorðum og rekinn er rafrænn gagnagrunnur á Netinu (ETIS, European Terminology Information Server) sem á íslensku er nefndur Evrópskur iðorðagagnabjónn. Veffangið er etis.info.

Íslensk málnefnd er aðili að samtökum norrænna iðorðastofnana, Nordterm, en Íslensk málstöð annaðist samskipti við þau fyrir hönd nefndarinnar. Ágústa Þorbergsdóttir situr í stjórnarnefnd Nordterm af Íslands hálfu og Ari Páll Kristinsson er varamaður.

Út kom ráðstefnurit sem Ágústa Þorbergsdóttir ritstýrði eftir norrænu iðorðadagana sem haldnir voru á Íslandi í júní 2005: *Ord og termer. Proceedings fra Nordterm 2005. Reykjavík, den 9.-11. juni 2005.* Nordterm 14. Reykjavík 2006. Útgáfan hlaut 50.000 DKK styrk úr Nordplus Språk-verkefninu sem var greiddur út snemma árs.

Íslensk málstöð tók á fyrra ári höndum saman við nokkrar háskólastofnanir og fleiri aðila á Norðurlöndum um samnorrænt tilraunaverkefni um fjarkennslu í iðorðafraeði (sjá síðustu ársskýrslu). Verkefnið, sem nefnist TERMDIST, nýtur styrks frá Nordplus Språk og fékkst útlagður kostnaður Íslenskrar málstöðvar af samstarfinu því endurgreiddur. Af hálfu málstöðvarinnar vann Ágústa Þorbergsdóttir að verkefninu og sótti m.a. fundi erlendis í tengslum við það á tímabilinu.

## ÚTGÁFUMÁL

Helsta verkefni tímabilsins var að ganga frá *Stafsetningarorðabókinni* til útgáfu. Hún kom út hjá JPV 29. ágúst. Sjá sérstakan kafla framar í þessari skýrslu.

Annað viðamikið útgáfuverkefni, sem var leitt til lykta á tímabilinu, var ráðstefnurit eftir ráðstefnu norrænu íðorðasamtakanna Nordterm í Reykjavík í júní 2005. Ágústa Þorbergsdóttir ritstýrði ráðstefnuritinu sem nefnist *Ord og termer. Proceedings fra Nordterm 2005. Reykjavík, den 9.-11. juni 2005*. Nordterm 14. Reykjavík 2006. (367 bls.)

Í febrúar kom út á vef Námsgagnastofnunar upplýsinga- og verkefnaritið *Íslenska – málið þitt* eftir Ara Pál Kristinsson sem málstöðin fékk höfundargreiðslu fyrir. Sjá ársskýrslu 2005 um samning Íslenskrar málstöðvar og Námsgagnastofnunar. Verkefnið var tilgreint í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2002-2005.

*Ársskýrsla Íslenskrar málstöðvar 2005* er dagsett 30. janúar 2006.

*Málfregnir 24* (2005) komu út í febrúar. Höfundar og heiti greina: Guðrún Kvaran: „Hvar stöndum við – hvert stefnum við?“; Kolbrún Friðriksdóttir: „Gerum kröfur!“; Jóhann G. Jóhannsson: „Það er málið!“; Örnólfur Thorsson: „Laust og bundið um íslenskt mál“; Kristín Ingólfssdóttir: „Málstefna Háskóla Íslands“; Ari Páll Kristinsson: „Einfalt mál, gott mál, skýrt mál“; Ágústa Þorbergsdóttir: „Nýyrði undanfarins áratugar“. *Málfregnir 24* voru jafnframt birtar á vefnum (20. febrúar).

Enn fremur féll undir útgáfumál á tímabilinu janúar til ágúst starf að orðabanka, málfarsbanka og öðru efni málstöðvarinnar á Netinu (sjá aðra hluta þessarar ársskýrslu).

## RÁÐSTEFNUR, ERINDI, GREINAR, FUNDIR O.FL.

Um fundi í stjórn Íslenskrar málnefndar á tímabilinu, sjá kafla um Íslenska málnefnd framar í þessari ársskýrslu.

Ari Páll Kristinsson og Kári Kaaber sátu á tímabilinu fjöldamarga fundi í tengslum við fyrirhugaða sameiningu Íslenskrar málstöðvar og fjögurra annarra stofnana á sviði íslenskra fræða sem varð að veruleika 1. september. Guðrún Kvaran sat marga slíka fundi af hálfu Íslenskrar málnefndar á tímabilinu.

Ari Páll Kristinsson sat fund með Halldóri Blöndal og Þorgeiri Ólafssyni 23. janúar um undirbúning að hátíðahöldum 2007 til að minnast þess að þá verða liðin 200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar.

Ari Páll Kristinsson hélt fyrirlestur um málstefnu, málfarsráðgjöf og aðra starfsemi Íslenskrar málstöðvar í heimsókn 25 nemenda Baldurs Sigurðssonar í Kennaraháskóla Íslands til Íslenskrar málstöðvar 12. janúar og í námskeiði hjá Sigríði Sigurjónsdóttur í Háskóla Íslands 2. febrúar.

Guðrún Kvaran birti greinina „Íslensk málstefna – hvað er nú það?“ í Lesbók Morgunblaðsins 21. janúar.

Ari Páll Kristinsson samdi upplýsinga- og verkefnaritið *Íslenska – málið þitt* sem kom út á vef Námsgagnastofnunar í febrúar.

Ari Páll Kristinsson sat málþing Orðabókar Háskólans um orðabækur og tungutækni 17. febrúar.

Ari Páll Kristinsson birti greinina „Einfalt mál, gott mál, skýrt mál“ í *Málfregnum* 24.

Ágústa Þorbergsdóttir birti greinina „Nýyrði undanfarins áratugar“ í *Málfregnum* 24.

Guðrún Kvaran birti greinina „Hvar stöndum við – hvert stefnum við?“ í *Málfregnum* 24.

Ari Páll Kristinsson birti greinina „Íslenskan“ í Morgunblaðinu 20. febrúar.

Kári Kaaber sat aðalfund Fagráðs í upplýsingatækni 28. febrúar.

Ari Páll Kristinsson sótti ráðstefnu sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um örnefni (UNGEFN) í Vínarborg 3.-4. apríl og fund Norðurlandadeildar UNGEGN 3. apríl.

Ari Páll Kristinsson birti greinina „Meðferð örnefna“ í Morgunblaðinu 20. maí.

Ari Páll Kristinsson sat ráðstefnu um íslenska tungutækni í Háskólanum í Reykjavík 23. maí.

Guðrún Kvaran birti greinina „Den islandske sprogpøolitik i fortid og nutid“ í *Språk i Norden 2006* (bls. 77-85).

Ari Páll Kristinsson birti greinina „Um málstefnu“ í *Hrafnaþingi*, ársriti íslenskukennara í KHÍ, 2006 (bls. 47-63).

Ari Páll Kristinsson sat ráðstefnu um kennslu í íslensku sem öðru og erlendu máli í Reykjavík 18. ágúst.

Starfsfólk Íslenskrar málstöðvar þáði boð háskólarektors í samkvæmi í Skólabbæ 25. ágúst í tilefni þeirra tímamóta að stofnunin yrði senn lögð niður en ný háskólastofnun tæki við hlutverki hennar og fjögurra annarra stofnana.

Íslensk málnefnd og málstöð efndu til samkvæmis á Hótel Sögu 28. ágúst til að fagna útkomu *Stafsetningarorðabókarinnar* með ritstjóra, útgefanda og öðrum velunnurum.

Íslensk málnefnd og málstöð önnuðust skipulagsmál í tengslum við fund í samstarfsneti norrænna málstöðva á Selfossi 30.-31. ágúst ásamt norrænum samstarfsaðilum. Sjá kafla um samskipti við erlendar stofnanir framur í þessari skýrslu. Fundinn sátu af Íslands hálfu Ari Páll Kristinsson, Kári Kaaber, Eiríkur Rögnvaldsson (30. ágúst) og Guðrún Kvaran (30. ágúst). Guðrún Kvaran hafði framsögu um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi opinbers málræktarstarfs á Íslandi og Ari Páll Kristinsson flutti skýrslu af Íslands hálfu um starf málnefndar og málstöðvar næstliðið ár ásamt því að kynna nýútkomna stafsetningarorðabók og færa hverri

norrænni málnefnd eitt eintak að gjöf. Hinn 31. ágúst sat Guðrún Kvaran fund í Málráði Norðurlanda á Selfossi.

### KYNNING OG GESTIR

Íslensk málstöð opnaði vef sinn 1996 og var meðal fyrstu opinberu stofnana sem það gerðu. Á vefnum eru m.a. orðabanki og málfarsbanki auk þess sem margan annan fróðleik er að finna, s.s. skrár af ýmsu tagi og vísanir á gagnlega tengla, upplýsingar um íslenska málstefnu, málnefndina o.fl. Ýmsar aðrar vefsíður höfðu tengla á síður Íslenskrar málstöðvar.

Lögð var áhersla á að upplýsingar málstöðvarinnar um íslenskt mál og málrækt væru tiltækar um allan heim og fleirum en íslenskumælandi fólki enda varð málstöðin vör við mjög mikinn og vaxandi áhuga útlendinga. Netið var ódýr og gagnleg leið í þessu skyni. Auk eigin síðna Íslenskrar málstöðvar á ensku voru kynningarsíður um málstöð og málnefnd á ensku, dönsku og finnsku vistaðar í alþjóðlega gagnabankanum Randburg. Þá var Íslensk málstöð með skráð leitarorð á fræðsluvefnum wikipedia.org. Þjónusta við erlenda áhugamenn um íslenskt mál og þýðingar af ýmsu tagi af og á íslensku varð með tímanum gildur þáttur í starfsemi Íslenskrar málstöðvar. Það tók þó ekki mjög mikinn tíma frá öðrum þjónustubáttum í málstöðinni því að tekist hafði að koma því efni, sem oftast er spurt um, í sífellt meira mæli fyrir á vefsíðum málstöðvarinnar. Þannig var t.d. hægt að nálgast þar ábendingar um lesefni um íslenska málstefnu á erlendum málum, yfirlit yfir íslenskunám fyrir útlendinga, vefsíður fyrir sjálfsnám og bækling á 4 erlendum málum um íslensku sem tekinn var saman í Íslenskri málstöð í samstarfi við menntamálaráðuneyti og landsnefnd um evrópskt tungumálaár 2001.

Margir gestir komu að vanda í málstöðina á tímabilinu janúar til ágúst ýmissa erinda, svo sem til að kynnast starfsemi málstöðvarinnar, íslenskri málrækt og málstefnu eða á fundi um tiltekin mál. Hinn 22. ágúst kom nýskipuð stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í heimsókn og ræddi við starfsfólk og kynnti sér aðstöðu og starf stofnunarinnar.

Innlendir og erlendir fjölmiðlar birta alloft frásagnir og viðtöl um íslenska málrækt og kom starfsemi Íslenskrar málstöðvar og málnefndar þar oft við sögu. Þetta má nefna á tímabilinu janúar til ágúst: Viðtal Ingimars Karls Helgasonar á RÚV við Ara Pál Kristinsson 11. janúar um íslenska málstefnu og stöðu íslenskrar tungu. Viðtal Ingveldar Geirsdóttur á Morgunblaðinu við Ara Pál Kristinsson um sömu efni 18. janúar. Viðtal við Ara Pál Kristinsson 29. ágúst í þættinum Ísland í bítíð á Stöð 2 í tilefni af útkomu *Stafsetningarorðabókarinnar*. Hádegisviðtal Kristjáns Más Unnarssonar við Ara Pál Kristinsson á NFS sama dag af sama tilefni.

Reykjavík, 29. desember 2006

Ari Páll Kristinsson